

VIÐAUKI D.

Talstöðvar notenda á sértíðnum, þar sem fleiri en einn notar sömu tíðnina, skulu útbúa talstöðvar sínar tónsendi og sítónsloka. Hver talstöð sendir frá sér tón, þegar kveikt er á öllum sendinum. Sítónslokinn skynjar, þegar talstöðin tekur á móti réttum tón, og opnar viðtækið. Í stað sérstaks sítónsloka má nota suðloka viðtækisins, en þá skal hann stýrast bæði af tóninum og mældu suðgildi. Notandi heyrir með þessari tilhögun eingöngu þær sendingar, sem honum eru ætlaðar. Radíóeftirlitið ákveður tóntíðni hvers notanda.

Tóngjafar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflu innan við 2%.
2. Mesta tíðniskekkja er ± 4 Hz.

Sítónslokar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Þeir skulu opna viðtækið í öllum tilfellum, þó að tíðniskekkja á móttæknum tón sé allt að $\pm 0,5\%$, en skulu ekki opna, ef tíðniskekkja er $\pm 3\%$ eða meiri. Þessum skilyrðum skal fullnægt, þó að innspenna breytist um allt að ± 10 desibel miðað við venjulegt gildi.
2. Þeir skulu gefa fullnægjandi árangur svo framarlega sem merkis/suðs hlutfall á útgangi viðtækis sé yfir 5 desibel.

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 5 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 2 500,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 1 250,00 er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 760/1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. október 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.